

Samþykktir fyrir Sparisjóð Suður-Þingeyinga.

I. kafli.

Heiti, heimili, varnarþing og hlutverk.

1. gr.

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses, í samþykktum þessum nefndur Sparisjóðurinn.

2. gr.

Heimili sparisjóðsins og varnarþing er að Laugum í Reykjadal Suður-Þingeyjarsýslu og telst starfssvæði sparisjóðsins samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki vera Þingeyjarsýslur.

3. gr.

Sparisjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki og stundar sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.

Hlutverk sparisjóðsins er að stunda sjálfbæra svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar, starfsemi sem stendur vörð um og þróar atvinnulíf, mannlíf og velferð svæðisins.

II. kafli.

Stofnfé, skipting þess og atkvæðisréttur.

4. gr.

Stofnfé sparisjóðsins er kr. 233.966.395,- og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut.

Sparisjóðsstjórn skal hafa að markmiði að stofnfjáreigendur verði aldrei færri en 60. Stjórn sparisjóðsins er heimilt að auka stofnfé Sparisjóðs Suður-Þingeyinga með útgáfu nýrra stofnfjárluta um allt að kr. 50.000.000 -. Útboðsgengi verður 1,0. Núverandi stofnfjáreigendur hafa forkaupsrétt að þessum hlutum til 1. september 2023.

Stjórn er heimilt að ákvarða nánara fyrirkomulag stofnfjárukningarinnar.

5. gr.

Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Einstökum stofnfjáreigendum er þó aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 10% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum.

Atkvæðisréttur fylgir ekki þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóðurinn kann að eiga sjálfur og skulu þau dregin frá þegar miða skal við heildaratkvæðamagn í samþykktum þessum. Allir stofnfjárhlutir eru að öðru leyti jafn rétt háir.

6. gr.

Enginn stofnfjáreigandi ábyrgist skuldbindingar sparisjóðsins umfram stofnfé sitt nema hann hafi tekið á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggæringum.

III. kafli.

Útgáfa stofnfjárbréfa og eigendaskipti.

7. gr.

Sparisjóðurinn skal gefa út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur.

Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

- a) Heiti sparisjóðsins og heimilisfang,
- b) númer og fjárhæð hlutar,
- c) nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
- d) útgáfudag stofnfjárbréfs,
- e) efni 64. og 65 gr. laga nr. 161/2002
- f) sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Stofnbréf er heimilt að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa nr. 131/1997.

Stofnfjáreigendur fá þá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning stofnfjáreiganda þau réttindi sem samþykktir þessar og lög mæla fyrir.

8. gr.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur sparisjóðsins. Í skránni skal tilgreina nafn stofnfjáreiganda, heimilisfang og kennitölu ásamt stofnfjáreign hans. Verði eigendaskipti á stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykktu þessara eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna. Skrána skal ætíð geyma á skrifstofu sparisjóðsins og eiga allir stofnfjáreigendur aðgang að henni.

Verði heimild lokamálsgreinar 7. greinar nýtt, skal útskrift frá verðbréfaskráningu um eignarhald á stofnfjárhlutum í sparisjóðnum teljast fullnægjandi grunnur að stofnfjáreigendaskrá. Gagnvart sparisjóðnum telst stofnfjáreigendaskráin fullgild sönnun að eignarrétti að stofnfjárhlutum í honum.

9. gr.

Framsál og önnur ráðstöfun stofnfjárluta í sparisjóðnum er heimil án takmarkana, sbr. þó ákv. VI kafla laga nr. 161/2002. Sparisjóðurinn setur sér reglur um viðskipti með stofnfé. Veðsetning stofnfjárluta í sparisjóðnum er heimil án takmarkana. Sparisjóðnum er óheimilt að veita lán sem tryggð eru með veði í stofnfjárbréfum útgefnum af honum.

10. gr.

Ef stofnfjárbréf glatast eða eyðileggst skal eigandi þess fá nýtt stofnfjárbréf gegn afhendingu ógildingardóms um hið glataða eða eyðilagða bréf. Sparisjóðsstjórn skal þó heimilt að gefa út nýtt stofnfjárbréf þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef hún telur nægilega sannað að bréfið hafi eyðilagst. Afhenda má eiganda ný stofnfjárbréf í stað skemmdra en læsilegra bréfa.

Sparisjóðurinn má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist hann meira af stofnfénu skal það selt þannig að lögmætu marki sé náð innan þriggja mánaða. Ætíð skal lögð á það megináhersla að selja svo fljótt sem kostur er þá stofnfjárluti, sem sparisjóðurinn kynni að eignast.

IV. kafli.

Breytingar á stofnfé og ráðstöfun hagnaðar.

11. gr.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnféð umfram það sem kveðið er á um í 4. gr. með áskrift nýrra stofnfjárluta, eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum þessum.

Í fundarboði skal greina frá tillögu stjórnar um aukninguna og tillögu um hvernig að henni skuli staðið. Með tillögunni skal leggja fram skýrslu stjórnar um fjárhagslega stöðu sparisjóðsins og breytingar á henni frá síðasta ársreikningi. Umsögn endurskoðanda sparisjóðsins skal fylgja skýrslunni.

Enn fremur er heimilt að auka stofnfé til samræmis við ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki, um ráðstöfun hagnaðar og endurmat stofnfjár.

12. gr.

Við aukningu stofnfjár skv. 1. mgr. 11.gr. skulu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína, sbr. 5.gr.

13. gr.

Við ákvörðun um aukningu stofnfjár skal kveðið á um:

- a) Stofnfjárhækkunina og skiptingu hennar í stofnfjárluta,
- b) atkvæðisrétt er fylgja skal nýjum hlutum, sbr. 5. gr. samþykktar þessara,
- c) frest til handa stofnfjáreigendum til að nota rétt sinn til áskriftar,
- d) hvernig með skuli fara ef stofnfjáreigendur nýta ekki rétt sinn til áskriftar,
- e) frest til greiðslu hluta,
- f) verð það sem greiða skal fyrir stofnfjárlut, sbr. 2.mgr. 66.gr. laga nr. 161/2002.

14. gr.

Að tillögu stjórnar sparisjóðsins getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið að lækka stofnfé sjóðsins til jöfnunar taps, sem ekki verður jafnað á annan hátt. Um tillöguna, kynningu fyrir stofnfjáreigendum, fundarboð og boðunarfrest, fer eftir ákvæðum í gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt fyrir fram um fyrirhugaða lækkun stofnfjár. Til þess að tillaga um lækkun stofnfjár náí fram að ganga þarf fundur stofnfjáreigenda að samþykkja hana með sama fjölda atkvæða og þarf til breytinga á samþykktum þessum. Ákvörðun fundar stofnfjáreigenda um lækkun tekur gildi þegar Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt hana.

15. gr.

Sparisjóðurinn skal ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu í samræmi við ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Aðalfundur sparisjóðsins getur samþykkt, að tillögu sparisjóðsstjórnar, að arði til stofnfjáreigenda skuli að hluta eða að öllu leyti varið til hækkunar á nafnverði stofnfjárluta í sparisjóðnum. Með hagnaði samkvæmt þessari grein er átt við hagnað eftir skatta samkvæmt samþykktum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár. Ekki er þó heimilt að hækka nafnverð stofnfjárluta umfram verðlagsbreytingar miðað við vísitölu neysluverðs frá útgáfu stofnfjárlutanna.

Heimild til ráðstöfunar hagnaðar með þessum hætti er því aðeins fyrir hendi að um óráðstafað eigið fé sé að ræða í sparisjóðnum.

V. kafli.

Starfsemi og fundir stofnfjáreigenda.

16. gr.

Starfsemi sparisjóðsins byggir á starfsleyfi samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 4.gr. laga nr. 161/2002 og getur hún tekið til þeirra starfsemi sem greind er í 1., 2. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna og þeirra starfsheimilda sem taldar eru upp í 3. mgr. 14. gr. sömu laga. Starfsemin skal þó að lágmarki alltaf ná til þess að taka á móti innlánnum frá almenningi og veita lán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi sem og annarra þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana sbr. 21. gr. laganna.

Sparisjóðnum er heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu hans sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 161/2002.

Sparisjóðnum er heimilt að eiga hluti í félögum að gættum reglum 22. og 28. gr. laga 161/2002.

17. gr.

Lögmætir fundir stofnfjáreigenda hafa æðsta vald í málefnum sparisjóðsins eftir því sem lög og samþykktir þessar kveða á um.

18. gr.

Sparisjóðsstjórn annast boðun funda stofnfjáreigenda sparisjóðsins. Boða skal til fundanna bréflega með lengst fjórum vikum fyrir fund og með minnst 7 daga fyrirvara. Þó skal boða til fundar stofnfjáreigenda með minnst 14 daga fyrirvara ef ætlunin er að hækka eða lækka stofnfé. Þá skal jafnframt boða til aðalfundar með minnst 14 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á fundi stofnfjáreigenda. Ef taka á til meðferðar tillögu um breytingar á samþykktum sparisjóðsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Hver stofnfjáreigandi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundum stofnfjáreigenda, ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo löngum fyrirvara að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

19. gr.

Nú er fundur ekki lögmætur og skal þá boða fund að nýju með sama hætti og segir í 18. gr. innan eins mánaðar, en þess jafnframt getið að fundurinn sem boðað var til áður hafi reynst ólögmætur, og er nú fundurinn lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Stofnfjáreigenda er heimilt að fela öðrum umboð til að fara með rétt sinn á fundi stofnfjáreigenda. Umboðið er heimilt að afturkalla hvenær sem er. Umboð skal veitt einstaklingi úr hópi stofnfjárhafa, skal það vera skriflegt, dagsett og vottfest eða undirritað gildri rafrænni undirritun. Í samræmi við markmið 4 greinar um breiðan hóp stofnfjárhafa og 5. gr. um takmarkanir á söfnun atkvæðamagns á hendur fárra stofnfjárhafa, er einum og sama einstaklingi óheimilt að fara með umboð fyrir fleiri en einn stofnfjárhafa. Einstaklingur telst þó ekki koma fram í skjóli umboðs þegar hann kemur fram sem fyrirsvarsmaður lögaðila sem er stofnfjárhafi í krafti formlegrar stöðu sinnar hjá lögaðila, þ.e. stjórnarformaður eða framkvæmdastjóri. Umboð skal veitt einstaklingi úr hópi stofnfjárhafa og getur stofnfjárhafi sem er lögaðili ekki farið með umboð. Umboðsmanni er óheimilt að framselja umboð sem honum er veitt. Sama umboð gildir aðeins fyrir einn fund. Í vafatilvikum hefur fundarstjóri úrskurðarvald.

20. gr.

Aðalfundur sparisjóðsins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert og eftirfarandi mál þá tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar um starfsemi sparisjóðsins síðastliðið starfsár, endurskoðaðir reikningar sparisjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár er hafi m.a. að geyma tillögu sparisjóðsstjórnar um ráðstöfun hagnaðar,
- b) tillögur um breytingar á samþykktum sparisjóðsins, ef borist hafa,
- c) kosning sparisjóðsstjórnar, sbr. 25. gr.,
- d) kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags, sbr. 38. gr.,
- e) ákvörðun um þóknun til stjórnar, að fengnum tillögum tilnefningarnefndar sbr. 25. og 29. gr.,
- f) tillögu sparisjóðsstjórnar um starfskjarastefnu sparisjóðsins.
- g) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum nr. 161/2002 eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

21. gr.

Aðra fundi stofnfjáreigenda skal halda eftir ákvörðun fundar stofnfjáreigenda eða sparisjóðsstjórnar. Sparisjóðsstjórn er skylt að boða til fundar stofnfjáreigenda innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða stofnfjáreigendur sem fara með minnst 1/20 hluta stofnfjár krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

22. gr.

Á fundi stofnfjáreigenda má einungis greiða atkvæði um þau mál sem getið er í fundarboði svo og löglega fram bornar viðauka- og breytingartillögur við þau.

Á fundi stofnfjáreigenda ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé kveðið á í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og á móti telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir sparisjóðinn, skal hlutkesti ráða úrslitum.

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum, tillaga um slit sparisjóðsins eða samruna hans við aðra sparisjóði verða aðeins teknar til meðferðar á fundi stofnfjáreigenda og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til samþykktar á þeim, enda taki stofnfjáreigendur, er ráða a.m.k. 2/3 hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, þátt í atkvæðagreiðslunni.

Mál sem ekki eru greind í dagskrá er ekki unnt að taka til umræðu á fundi stofnfjáreigenda nema með samþykki 2/3 hluta atkvæða viðstaddra stofnfjáreigenda. Slík mál er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema skylt hafi verið að taka það til meðferðar samkvæmt lögum eða samþykktum þessum.

23. gr.

Fundi stofnfjáreigenda stýrir fundarstjóri, kosinn af fundinum. Formaður sparisjóðsstjórnar eða annar, sem sparisjóðsstjórn nefnir til, setur fundinn og stjórnar kjöri fundarstjóra. Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir stofnfjáreigendur og umboðsmenn, er fundinn sækja, til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í

fundargerðabók skal skrá ákvarðanir fundarins ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerð. Varðveita skal skrá yfir mætta stofnfjáreigendur og umboðsmenn er fundinn sóttu.

24. gr.

Réttur til greiðslu arðs, sem aðalfundur hefur ákveðið að greiða, fellur niður ef arðsins er ekki vitjað innan fjögurra ára frá því að krafa um greiðslu hans varð gjaldkræf, og rennur þá í varasjóð sparisjóðsins.

VI. kafli.

Sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri.

25. gr.

Stjórn sparisjóðsins skipa fimm menn kjörnir af stofnfjáreigendum. Kjósa skal tvo varastjórnarmenn með sama hætti. Stjórnarmenn skulu uppfylla búsetu og hæfisskilyrði gildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar.

Við Sparisjóð Suður-Þingeyinga, starfar tilnefningarnefnd til undirbúnings stjórnarkjöri. Tilnefningarnefnd skal skipuð tveimur einstaklingum völdum af aðalfundi og skal kjörtímabil þeirra vera tvö ár og lýkur á á víxl. Hlutverk tilnefningarnefndar er að leita eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar, meta hæfi frambjóðenda og mögulega samsetningu stjórnar. Tilnefningarnefnd skal í síðasta lagi fjórum dögum fyrir aðalfund gera skriflega grein fyrir störfum sínum og rökstyðja tillögur sínar. Skal sú skýrsla aðgengileg stofnfjáreigendum í síðasta lagi tveim dögum fyrir aðalfund. Ennfremur gerir tilnefningarnefnd tillögur um starfskjör stjórnar. Starfsreglur tilnefningarnefndar og breytingar á þeim eru samþykktar af aðalfundi.

Kosning skal vera hlutbundin, ef þess er óskað, enda hafi skrifleg ósk þar um borist stjórninni eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Framboðslistum skulu fylgja meðmæli minnst fimm stofnfjáreigenda og samþykki frambjóðenda. Framboðslistum skal skilað í hendur stjórnar þremur dögum fyrir aðalfund.

26. gr.

Sparisjóðsstjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Formaður boðar til stjórnarfundar og skulu þeir haldnir eftir þörfum. Fund skal jafnan halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða sparisjóðsstjóri telur þess þörf.

Fundur stjórnar er því aðeins lögmætur að a.m.k. þrír stjórnarmenn sitji hann. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Sé fundur eigi fullskipaður þarf samþykki þriggja til gildirar ályktunar. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Hafi farið fram kjör milli varamanna skulu þeir í forföllum aðalmanna taka sæti þannig, að sá sem flest atkvæði hlaut tekur fyrst sæti og síðan koll af kolli. Að öðrum kosti ákveður stjórnin í upphafi kjörtímabils síns, að fenginni tillögu formanns, í hvaða röð varamenn taka sæti í stað aðalmanna, sem forfallast kunna.

Þær ákvarðanir sem teknar eru á fundum sparisjóðsstjórnar, skulu bókaðar í sérstaka gerðabók og fundargerðir staðfestar með undirritun viðstaddra stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra.

27. gr.

Sparisjóðsstjórn fer með málefni sparisjóðsins og skal hún annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og tryggja að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins. Ennfremur hefur hún með höndum almennt eftirlit með rekstri hans og tekur ákvarðanir tengdar rekstri sjóðsins, sem telja verður meiriháttar. Stjórnin skal ráða sparisjóðsstjóra og setja honum erindisbréf. Stjórnin skal setja reglur um mörk lánaheimilda sparisjóðsstjóra sem og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar sbr. sbr. gildandi lög um fjármálafyrirtæki.

Sparisjóðsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í þeim skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna sbr. sbr. gildandi lög um fjármálafyrirtæki.

Sparisjóðsstjórn fjallar einnig um mál sem hún að öðru leyti skal annast samkvæmt lögum, reglugerðum og samþykktum þessum svo og þau mál sem sparisjóðsstjóri leggur fyrir hana.

Sparisjóðsstjórn skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð sparisjóðsins sbr. 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

28. gr.

Sparisjóðsstjórn skal hafa aðgang að öllum gögnum er varða sparisjóðinn og rekstur hans. Óheimilt er að fara með slík gögn eða afrit þeirra út úr sparisjóðnum. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er stjórnarmanni óheimill aðgangur að upplýsingum um einstaka viðskiptamenn sé hann vanhæfur í umfjöllun um málefni þeirra.

Stjórnarmenn mega ekki gerast umboðsmenn annarra gagnvart sparisjóðnum.

Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls, er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækis sem þeir tengjast þannig að þeir eigi hlut í því, sitja í stjórn þess, eru í fyrirvari fyrir það eða eiga þar að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta, enda séu þessi störf ekki unnin fyrir sparisjóðinn og fyrirtæki hans. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar einhvern, sem er þeim tengdur, persónulega eða fjárhagslega, eins um viðskipti samkeppnisaðila þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir tengjast. Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir kunna að vera í forsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar. Stjórn sparisjóðsins er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrirfram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi og þurfi ekki sérstaka umfjöllun stjórnarinnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur sbr. gildandi lög um fjármálafyrirtæki.

29. gr.

Fyrir störf í þágu sparisjóðsins skal greiða stjórnarmönnum fasta, mánaðarlega þóknun sem ákveðin er fyrirfram á aðalfundi ár hvert. Sama gildir um þóknun formanns stjórnar. Stjórnin ákveður hversu fara skuli um þóknun varamanna, er þeir taka sæti í forföllum aðalmanna.

30. gr.

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfnisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórn sparisjóðsins og bera ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sparisjóðsins sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum nr. 161/2002 og samþykktum þessum. Þar á meðal ákveður hann inn- og útlánsvexti við sparisjóðinn og ráðstafar fé hans og stendur fyrir rekstri hans í samræmi við þær reglur, sem honum eru eða verða settar af sparisjóðsstjórn eða samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Honum ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum skv. lögum, samþykktum þessum og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Sparisjóðsstjóri ræður alla starfsmenn sjóðsins, og veitir þeim lausn nema gildandi lög um fjármálafyrirtæki kveði á um annað. Hann undirbýr fundi sparisjóðsstjórnar ásamt formanni hennar og gefur stjórninni reglulega skýrslu um störf og hagi sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri skal sitja fundi stjórnar nema fjallað sé um mál er varðar hannsjálfan.

Sparisjóðsstjóri ritar firma sparisjóðsins og hefur prókúru fyrir hann.

31. gr.

Sparisjóðsstjóra er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Sparisjóðsstjórn getur þó veitt heimild til slíks en þá aðeins á grundvelli reglna sem hún setur þar um og Fjármálaeftirlitið staðfestir. sbr. sbr. gildandi lög um fjármálafyrirtæki. Sé atvinnufyrirtækið hins vegar dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélag sparisjóðsins fer um stjórnarsetu sparisjóðsstjóra samkvæmt reglum um verkaskiptingum stjórnar og framkvæmdastjórnar.

Sparisjóðsstjóri má ekki taka lán hjá sparisjóðnum né má sparisjóðurinn ganga í ábyrgð fyrir hann nema gegn traustum tryggingum, enda sé fyrirgreiðslan í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og samþykkt af stjórn, bókuð í gerðabók hennar og á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Þá er honum óheimilt að vera ábyrgðarmaður annarra gagnvart sparisjóðnum. Ákvæði greinarinnar gilda einnig um maka hans og aðra aðila í nánnum tengslum við hann í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

VII. kafli.

Starfsmenn.

32. gr.

Allir starfsmenn sparisjóðsins skulu undirrita drengskaparheit um það að þeir muni með árvekni og samviskusemi gegna störfum þeim sem þeim eru falin, og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni sparisjóðsins né viðskipti einstakra aðila við hann, hvorki skuldir þeirra né eignir. Stjórn sparisjóðsins skal skilgreina hvaða starfsmenn teljist lykilstarfsmenn í sparisjóðnum í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki.

33. gr.

Stjórnarmenn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóri, aðrir starfsmenn sparisjóðsins og endurskoðandi og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu sparisjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna sparisjóðsins, nema skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Um undanþágu frá þagnarskyldu fer eftir gildandi lögum um fjármálafyrirtæki.

34. gr.

Sparisjóðsstjórn setur reglur um viðskipti starfsmanna sjóðsins við hann, sem og um heimildir starfsmanna til að taka að sér önnur launuð störf og/eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti samhliða starfi sínu við sparisjóðinn.

35. gr.

Starfsmönnum sparisjóðsins er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart sparisjóðnum.

VIII. kafli.

Ársreikningur og endurskoðun.

36. gr.

Reikningsár sparisjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sem saminn er af sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórn skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar, sbr. 89. gr. laga nr. 161/2002, sem ásamt ársreikningi mynda eina heild.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórn. Hafi stjórnarmaður eða sparisjóðsstjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann skrifa undir með fyrirvara og gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar í hverju fyrirvarinn felst.

37 gr.

Ársreikningurinn skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á einstökum liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða, svo og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

38 gr.

Aðalfundur stofnfjáreigenda kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til fimm ára í senn í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Endurskoðandi má ekki eiga sæti í sparisjóðsstjórn, vera starfsmaður sjóðsins eða starfa í hans þágu að öðru en endurskoðun. Hann má ekki koma fram gagnvart sparisjóðnum sem umboðsmaður annarra og ekki vera skuldugur sjóðnum, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

Endurskoðandi skal í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn sparisjóðsins og aðra þætti, er varða rekstur hans og stöðu. Sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri skulu veita endurskoðanda aðstöðu til að gera þær athuganir, sem hann telur nauðsynlegar. Skal honum heimill aðgangur að öllum bókum sparisjóðsins og skjölum og jafnframt skulu sparisjóðsstjórn og starfsmenn sparisjóðsins veita honum allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

Fyrir miðjan marsmánuð skal endurskoðandi hafa lokið endurskoðun á ársreikningi sparisjóðsins og ber honum þá þegar að afhenda hann stjórn sparisjóðsins.

Endurskoðanda er skylt að sitja aðalfund sparisjóðsins og á rétt á að sitja stjórnar- og félagafundi. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum stofnfjáreigendum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag sparisjóðsins.

39. gr.

Ársreikningur ásamt meðfylgjandi skýrslu stjórnar skal liggja frammi í afgreiðslu m sparisjóðsins og afhentur hverjum viðskiptamanni sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

IX. kafli.

Um breytingar á samþykktum sparisjóðsins.

40. gr.

Ákvörðun um breytingu samþykktu þessara skal tekin á fundi stofnfjáreigenda, enda sé þess getið í fundarboði að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felast í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, sbr. 3.mgr. 22.gr.

X. kafli.
Um slit sparisjóðsins og samruna.

41. gr.

Ákvarðanir um slit sparisjóðsins og samruna við önnur fjármálafyrirtæki skulu teknar á fundi stofnfjáreigenda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og eru því aðeins heimilar að þær hafi hlotið samþykki stofnfjáreigenda eftir þeim reglum sem gilda um breytingar á samþykktum þessum, enda hafi tillaga þessa efnis verið kynnt í fundarboði.

Þegar allar skuldir sparisjóðsins hafa verið greiddar vegna slita á starfsemi hans skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum er þá kunna að vera eftir skal ráðstafað til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins samkvæmt ákvörðun lögmæts fundar stofnfjáreigenda að framlögðum tillögum fráfarandi stjórnar sparisjóðsins.

Ákvarðanir um slit Sparisjóðsins og samruna skulu að öðru leyti fara eftir ákvæðum samþykhta þessa og XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samþykkt á aðalfundi sparisjóðsins hinn 8.05.2024. Eldri

samþykktir falla þá jafnframt úr gildi.